

Borgarráð

***Viðauki við fjárhagsáætlun 2017 vegna kjarasamnings Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum***

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2017 verði hækkaðar um kr. 23.388.752 vegna kostnaðaráhrifa nýgerðra kjarasamninga við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum á þjónustusamninga við einkarekna tónlistarskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færast á kostnaðarstað M3100. Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Þá er lagt til að sviðið fái heimild til að afgreiða laun til hlutaðeigandi starfsmanna borgarinnar sem taka kjör skv. ofangreindum kjarasamning.

***Greinargerð:***

Kjarasamningurinn gildir frá 1. janúar 2017, en samningar höfðu verið lausir frá 31. október 2015. Fjárhæðin felur í sér mat á samningsbundinni eingreiðslu kennara við einkarekna tónlistarskóla sem eru með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Gerður er fyrirvari um að hér er aðeins um hluta af áætlaðri kostnaðarhækkun, þar sem endanlega kostnaðarmat vegna samningsins liggja ekki fyrir. Viðaukinn tekur mið af þeim eingreiðslum sem samið var um og taka mið af kostnaði vegna einkarekinna tónlistarskóla. Kostnaðarmat vegna kjarasamningsbundinna launahækkana liggur ekki fyrir, en unnið að er að því að vinna það mat í samvinnu við tónlistarskólana og gert ráð fyrir að unnt verði að leggja fram annan viðauka vegna þess í mars mánuði. Jafnframt er unnið að því að meta kostnaðaráhrifin sem falla á tónlistarkennara sem starfa hjá Reykjavíkurborg og tilheyra Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, einkum í grunnskólum og skólahljómsveitum. Verður nýr viðauki lagður fram þegar heildstæð kostnaðaráhrif kjarasamningsins hafa verið metin.

Þessari tillögu ber að vísa til borgarstjórnar til afgreiðslu.

Dagur B. Eggertsson